

Ég er reiður

Eftir Kjartan Óskarsson

Ég hef starfað sem skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík frá hausti 2003. Nær allan þann tíma hef ég þurft að berjast harðri baráttu við yfirvöld Reykjavíkurborgar til þess að halda þessum elsta tónlistarskóla landsins á floti. Ég er reiður vegna þess að mér ofbýður framganga borgaryfirvalda í garð tónlistarskólanna í Reykjavík. Ég er reiður vegna þeirrar skammsýni að vera til í að leggja fjöregg tónlistarmenntunar í landinu að veði í heimskulegri deilu sinni við ríkisvaldið um hver beri ábyrgð á námi á framhaldsstigi tónlist, í stað þess að leysa málið með reisu á hinum pólitíska vettvangi. Það er jú svo að skv. verkaskiptalögnum frá 1989 eru tónlistarskólar verkefni sveitarfélaga, þar með talið framhaldsstigið, hvað sem forsvarsmönnum sveitarfélaga kann að finnast um það. Árið 2011 gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag um að ríkið legði fram rétt um hálfan milljarð til eflingar tónlistarnámi í landinu og til að jafna mun á aðstöðu nemenda til þess að stunda tónlistarnám. Með öðrum orðum, samkomulaginu var ætlað að fella niður girðingar sem reistar voru umhverfis borgina í þessu tilliti árið 2003 þegar nemendum úr öðrum sveitarfélögum var meinað að stunda tónlistarnám í Reykjavík nema heimasveitarfélagið ábyrgðist greiðslu kennslukostnaðar. Þegar þetta samkomulag var loks í höfn brá svo við að Reykjavík, eitt sveitarfélag, tálkaði það svo að þar með hefði ríkið tekið á sig alla ábyrgð á hljóðfæranemendum á framhaldsstigi og söngnemum á mið- og framhaldsstigi. Þess ber að geta að allir tónlistarskólar borgarinnar utan

BRIDS

Umsjón Arnór G. Ragnarsson | brids@mbl.is

60 manns að spila hjá FEBR

Fimmtudaginn 8. október var spilað á 15 borðum hjá bridsdeild Félags eldri borgara í Reykjavík.

Efstu pör í N/S:
 Egir Ferdinands. – Guðrún Þórðard. 365
 Jón Þór Karlss. – Björgvín Kjartanss. 365
 Kristján Guðss. – Kristín Guðmundsd. 358
 Sigtryggur Jónss. – Höskuldur Jónss. 326

A/V:
 Friðrik Jónsson – Jóhannes Guðmss. 405
 Albert Þorsteinss. – Bragi Björnsson 403
 Þórir Sigurbjörnss. – Ásta Jónsd. 395
 Axel Lárussón – Hrólfur Guðmss. 372

Mánudaginn 12. október mætti 31 par til leiks.
 Efstu pör í N/S:
 Jón Þór Karlss. – Björgvín Kjartanss. 367
 Auðunn Guðmss. – Guðm. Pétursson 361
 Guðm. Sigursteinss. – Unnar Guðmss. 359
 Hrafnh. Skúlad. – Guðm. Jóhannss. 344

A/V:
 Bjarni Guðnas. – Guðm. K. Steinbach 418
 Kristján Guðmss. – Björn E. Pétursson 374
 Óli Gíslason – Magnús Jónsson 374
 Albert Þorsteinss. – Bragi Björnsson 355

Spilað er í Síðumúla 37.

Bridsfélag Reykjavíkur

Kunnugleg staða er nú komin upp í sveitakeppninni hjá BR.

Staðan eftir tvö kvöld af sex:
 J.E. Skjanni 116,82 stig
 Lögfæðistofan 105,67 stig
 Vestri 104,34 stig

Minningarmót í Gullsmáranum

Góð þátttaka var í Gullsmára mánudaginn 12. október. Spilað var á 14 borðum. Úrslit í N/S:

Pétur Antonss. - Guðlaugur Nielsen 338
 Björn Arnason - Eðvarð Hallgrímss. 319
 Ásgeir Gunnarss. - Þorl. Þórarinnsson 318
 Þórður Jörundss. - Jörundur Þórðarson 316
 Guðrún Hinriksd. - Haukur Hanness. 286

A/V
 Jón I. Ragnarss. - Sæmundur Árnas. 327
 Sigurður Njálss. - Pétur Jónsson 286
 Birgir Ísleifss. - Jóhann Ólafsson 286
 Ormarr Snæbjss. - Sturla Snæbjörnss. 285
 Ágúst Vilhelmss. - Kári Jónsson 279

Þetta var 1. dagur (af 4) í minningarmóti Hannesar Alfonssonar, fv. formannsog stjórnaða félagsins.

» Það kom fljótlega í ljós að framlagið frá ríkinu nægði ekki til þess að standa straum af kennslu þeirra nemenda sem samkomulagið tók til.

einn eru einkareknir og þetta samkomulag var gert án nokkurs samráðs við skólastjóra þeirra skóla sem hafa flesta nemendur á framhaldsstigi. Það kom fljótlega í ljós að framlagið frá ríkinu nægði ekki til

þess að standa straum af kennslu þeirra nemenda sem samkomulagið tók til. Öll sveitarfélög landsins tóku samkomulaginu eins og það var hugsað og greiddu skólunum það sem upp á vantaði. Öll nema Reykjavík. Yfirvöldum þar á bæ fannst ekki nóg að gert. Þau voru og eru tilbúin til að láta stærstu tónlistarskólum borgarinnar blæða út í áframhaldandi stríði sínu við ríkisvaldið, stríði sem minnr af hálfu borgarinnar um margt á störukeppni.

Ég er reiður vegna þeirrar svívirðu sem stefna borgaryfirvalda er í



Kjartan Óskarsson

þessum málum. Ég hef hingað til ekki viljað trúá því sem margir hafa sagt við mig að þarna sé á ferðinni skipuleg aðgerð borgarinnar til að ganga á milli bols og höfuðs á þessum skólum. Hver gæti verið ástæða þess? Skólarnir í Reykjavík eru nær allir einkaskólar en reknir með þjónustusamningum við borgina. Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla frá árinu 1985 er ákvæði þess efnis að hætti tónlistarskóli störfum, sem notið hefur styrks, skuli sveitarfélagið varðveita eignir skólans. Gæti þetta verið hluti af skýringunni á þeirri hraksmánarlegu meðferð sem þessir skólar

hafa mátt sæta af hálfu borgarinnar? Ég er reiður og tel mig hafa fullan rétt á að vera það, mér finnst það í raun skylda mín. Óeigingjarnt lífsstarf kynslóðanna sem á undan gengu og byggðu af eldmóði, fórn-fýsi og mikilli framsýni upp tónlistarkennslu í landinu er lítilsvirt og fótum troðið. Sumir stjórnsmálamenn, sem á hátíðastundum tala mjúkmæltir og upphafnir um blómlegt menningarlíf í borginni, virðast líta á það góða starf sem unnið er í tónlistarskólum borgarinnar og er grunnur og undirstaða að glæsilegu tónlistarlífi í landinu, sem léttvægt og lítilsvirt er, eitthvað sem allt í lagi sé að fórna í baráttunni við að sýna ríkisvaldinu hver sé hinn sterkari.

Höfundur er skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík.



Nánari dagskrá á www.seltjarnarness.is

15.10.15 - 18.10.15
MENNINGARHÁTÍÐ
 SELTJARNARNESS

15 OKTÓBER FIMMTUDAGUR

- Kl. 17 **Setning Menningarhátíðar Seltjarnarness 2015**
 Gallerí Gróttá & Bókasafn Seltjarnarness
- Kl. 17 **Taktur í 100 ár**
 Gallerí Gróttá - Sýningaropnun
- Kl. 17 **Taktur í 100 ár**
 Bókasafn Seltjarnarness - Sýningaropnun
- Kl. 20 **Landbrot**
 Sýningarsalur í Nesi - Opunarhátíð
- Kl. 20 **Undrabörn Mary Ellen Mark**
 Nesstofa - Sýningaropnun

16 OKTÓBER FÖSTUDAGUR

- Kl. 11 **Bach fyrir börnin**
 Seltjarnarneskirkja
- Kl. 15 **Hvað er að virka?**
 Bókasafnið - Umræður um unglíngabækur
- Kl. 16 **Taktur í 100 ár**
 Bókasafnið - Leiðsögn og spjall nemenda
- Kl. 16.30 **Taktur í 100 ár**
 Gallerí Gróttá - Leiðsögn sýningarstjóra
- Kl. 17 **Lúðrasveit Tónó ásamt sólistum**
 Eiðistorg - Helgi Hrafn / Tribute
- Kl. 18 **Pop Quiz**
 Eiðistorg

17 OKTÓBER LAUGARDAGUR

- Kl. 9 **Morgunhugleiðsla og orkuskot**
 Systrasamlagið
- Kl. 9.30 **Neshreysti**
 Plan við Sundlaug
- Kl. 10.30 **Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa**
 Eiðistorg
- Kl. 12 **Músín Marta**
 Bókasafn Seltjarnarness
- Kl. 13 **Lyfjafraeðisafnið**
 Sýning
- Kl. 16 **Á Valhúsahæð - Tónlistarhátíð Nesbúa 2015**
 Seltjarnarneskirkja
- Kl. 21 **Tína Dickow, Helgi Hrafn Jónsson og félagar**
 Félagsheimili - tónleikar **UPPSELT**

18 OKTÓBER SUNNUDAGUR

- Kl. 10 **Seltjarnarneskirkja**
 Fræðsla, guðþjónusta, sýning og markaður
- Kl. 14 **Heiðursdagskrá um Jennu Jensdóttur**
 Félagsheimili
- Kl. 18 **Friðrik Karlsson og Nýjaland**
 Seltjarnarneskirkja - Hugleiðsla
- Kl. 21 **Tína Dickow, Helgi Hrafn Jónsson og félagar**
 Félagsheimili - Aukatónleikar **UPPSELT**

